

29. stjórnarfundur Leiknar 19. nóvember 2009 kl. 09.00 haldinn í húsakynnum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í Skeifunni 8.

Mættir: Guðjónína Sæmundsdóttir, Finnur Gunnþórsson, Hildur Elín Vignir, Hulda Ólafsdóttir Ingibjörg E. Guðmundsdóttir og María Hildipórsdóttir. Emil Björnsson kom ekki.

Dagskrá lá fyrir í 3 liðum:

1) Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin var samþykkt.

2) Vinnuhópar segja frá sínu starfi:

- Fjölgun félaga: Ína og Hulda greindu frá því að þær hefðu farið yfir hverjir væru hugsanlegir nýir félagar og einnig skoðað hvort hægt væri að gera Leikn að samtökum samtaka með því að flokka aðila eftir sameiginlegum einkennum s.s. fræðslu og símenntunarmiðstöðvar, starfsendurhæfing, sjálfstæðir fræðsluaðilar, fræðsludeildir fyrirtækja, vinnumálastofnun, sjóðir og stefnumótendur, fræðslusetur. Fram kom í máli þeirra að nokkrir aðilar uppfylltu öll skilyrði til þátttöku í Leikn, en þeir eru Rafiðnaðarskólinn, EHÍ, EHA, Opni háskólinn í HR, Alþjóðahús, Starfsendurhæfingar, Heimilisiðnaðarskólinn og Starfsmennt. Samþykkt var að bjóða þessum aðilum þátttöku bréflaga. Fundarmenn voru einhuga í að rétt væri að bíða eftir setningu framhaldsfræðslulaga varðandi frekari breytingar á aðild, þar sem ef til vill myndu löggin mynda öflugan sameiginlegan grundvöll fyrir vottaða fræðsluaðila. Til að taka inn aðra fræðsluaðila þarf lagabreytingar og því ástæða til að bíða átekta fram yfir áramót og sjá hvernig framvindan verður með framhaldsfræðslulöggjöf.
- Vottun fræðsluaðila: Hópurinn hafði ekki komið saman til fundar, en rætt var um hvort Leikn ætti að hafa skoðun á því hvernig vottun fræðsluaðila fer fram verði framhaldsfræðslulög að veruleika. Stjórnarmenn voru sammála því að það væri æskilegt að geta lagt til við ráðuneytið hvernig fræðsluaðilar verði vottaðir og af hverjum. IEG benti á kerfið EQM, sem unnið var í erlendu samstarfsverki. Um er að ræða fullbúið kerfi til vottunar á litlum fræðsluaðilum, sem mætti aðlaga að þörfum Íslands. Samþykkt var að stjórnarmenn myndu kynna sér þetta kerfi fyrir næsta fund til að átta sig á hvort þeir geti mælt með því við menntamálaráðuneytið.
- Efling innbyrðis tengsla. Hópnun var ekki komið formlega á laggirnar og hafði Finnur framsögu um málið. Hann ræddi um ýmis sameiginleg málefni og leitaði eftir því hvort hægt væri að efla samstarf, samvinnu og upplýsingamiðlun á ýmsum sviðum. Meðal hugmynda var að efla samfélagsþjónustu, veita sameiginlegar upplýsingar um starfsemi fræðsluaðila, halda sameiginlega viðburði fyrir kennara hjá fræðsluaðilum. Stjórnarmenn voru sammála um að halda þessari umræðu áfram við fyrsta tækifæri.

3) Önnur mál.

- Hulda sagði frá ráðstefnu, sem hún sótti. Hún sagði frá samtökunum Solidar, sem umræða er um að ABF í Norden gerist meðlimur í. Áhersla þeirra samtaka er miklu
-

félagslegri og pólitískari heldur en starfsemi fræðsluaðila á Íslandi er að öllu jöfnu. En HÓ benti á að þetta er m.a. svar systursamtaka Mímis við kreppunni.

- Ína greindi frá því að næsti fundur norrænu samtakanna verði í byrjun næsta árs í Riga.
  - Hildur Elín afhenti reikningsyfirlit, þar sem fram kemur að Leikn á í sjóði tæpar 2 milljónir króna.
  - Fundi slitið kl. 10.45. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir skrifaði fundargerð.
-